

Ed.

172. Frumvarp til laga

[97. mál]

um skógræktardag skólafólks.

Flm.: Hannbal Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Heimilt er að kveðja hvern þann nemanda, pilt eða stúlku, sem ókeypis kennslu nýtur í ríkisskóla, til starfa í þjónustu Skógræktar ríkisins einn dag á ári, enda skipuleggi skógræktarstjóri starfið á hverjum stað, sjái fyrir hæfri verkstjórn, góðri vinnuáðstöðu og ákveði verkefni skógræktardagsins.

2. gr.

Skógræktardagurinn sé jafnan að vorinu, áður en skólar hætta störfum. Skal ákveða hann með nægum fyrirvara í samráði við stjórnendur skólanna. Ber að taka tillit til staðháttar og ákveða daginn einvörðungu með tilliti til þess, að ræktunarstarf skólafólksins geti borið sem bestan árangur.

3. gr.

Nú þykja ekki ákjósanleg verkefni fyrir hendi á einhverjum stað við skógræðslu, og má þá, í samráði við viðkomandi sveitarstjórn, fela skólafólkinu verkefni við gróðursetningu trjáplantna eða skrudjurta, til fegrunar á umhverfi skóla, kirkna, sjúkrahúsa, elliheimila eða annarra opinberra menningar- og líknanstofnana.

4. gr.

Nánari ákvæði um tilhögun starfa og verkefnaval á skógræktardaginn má setja með reglugerð, er skógræktarstjóri semur og ráðherra staðfestir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Það hefur löngum verið talið meðal gullaldareinkenna Íslands, að það var að fornu „viði vaxið milli fjalls og fjöru“. Á sama hátt er það eitt ömurlegasta táknið niðurlægingar og hnignunar Íslendinga eftir margra alda einangrun og eynd, er landið var orðið blásið og bert — skógurinn eyddur af ágangi búpenings og upphöggvinn til eldsneytis fyrir landslýðinn. Það hefur svo orðið merkur þáttur íslenzkrar endurreisnar að hefja starf, er stefni að því marki að klæða landið skógi á ný. Þar er mikið starf fyrir höndum — sjálsagt margra alda starf, þótt að því verði unnið af áhuga og eldmóði og riflegar fjárhæðir árlega veittar úr ríkissjóði til verndar skógarleifa og til skógræðslu í landinu.

Samkvæmt lögum um skógrækt frá 1940 er þetta markmið Skógræktar ríkisins: Að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem í landinu eru.

Að græða upp nýja skóga, þar sem henta þykir.

Að leiðbeina um meðferð skóga og kjarris og annað það, sem að skógrækt og skógræðslu lýtur.

Þessu þríþætta starfi stjórnar skógræktarstjóri ríkisins, og hefur hann sér til aðstoðar skógarverði, sem ráð er fyrir gert í lögum, að séu einn í hverjum landsfjórðungi. Skógræktarfélögin víðs vegar um landið eru svo einnig orðin virkir aðilar að þessu ræktunarstarfi.

Skógrækt ríkisins hefur þegar unnið merkilegt byrjunarstarf. Raunar má segja, að furðulegur árangur hafi þegar náðst í skógræktinni á nokkrum stöðum á landinu, og það sem mest er um vert: Trúin á það, að unnt sé að rækta nytjaskóg á Íslandi, er að verða almenn þjóðareign. Margir hafa þegar sýnt þessa trú í verki. Fjöldamargir einstaklingar í kaupstöðum landsins hafa komið upp trjágörðum við hús sín, og sann-

ast þar, að margar hendur vinna létt verk. Við nokkra sveitabæi eru líka til fagrir trjágarðar, og síðast en ekki síst: Skógarleifar í námunda við nokkrar kaldrana-legustu jökulbreiður Íslands, trjálundir og einstök tré á hinum ólíklegustu stöðum í öllum landshlutum hafa fært mönnum heim sanninn um, að í flestum byggðarlögum eru sámileg skilyrði af nátturunnar hendi til trjáræktar og skógræðslu.

Menn hafa vissulega öðlazz trú á málstaðinn, og áhugi á skógrækt er sem betur fer orðinn all almennur. En það, sem aðallega stendur stórstígum framförum í skógræktinni fyrir þrífum, er þekkingarskortur almennings. Meginþorri þjóðarinnar situr enn hjá og heldur að sér höndum í þessum málum, af því að þekkinguna á gróðursetningu og uppeldi trjáplanta skortir. Úr þessu er fljótlegast og bezt hægt að bæta með því að gera unga fólkið í skólum landsins þátttakanda í skógræktarstarfinu undir góðri stjórn sérfróðra manna.

Hér er lagt til, að Skógrækt ríkisins verði falin forusta þessa fræðslustarfs í samvinnu við skólana. Skógræktinni er ætlað að leggja fram verkstjórn, tryggja nauðsynlega vinnuástöðu og ráða verkefnavali. En hins vegar er þess vænt, að æsku Íslands verði það ljúft verk að leggja fram krafta sína einn dag á ári, meðan náms er notið í ríkisskólum, í þjónustu þeirrar hugsjónar að klæða landið skógi og bæta þannig fyrir syndir feðranna á liðnum öldum.

Sé t. d. gert ráð fyrir því, að börn í tveimur efstu bekkjum barnaskólanna og allir nemendur við skyldunám á unglíngastiginu inni þetta þegnskaparstarf af hendi, mundi Skógrækt ríkisins þar með fá nokkur þúsund dagsverk á ári unnin í þágu þessarar fögru hugsjónar, án annars endurgjalds en þess að leggja fram stjórnendur og leiðbeinendur við starfið.

Engin ástæða er þó til að ætla, að nemendur í miðskólum, gagnfræðaskólum og menntaskólum yrðu ekki einnig fúsir til að leggja fram krafta sína í þjónustu þessa máls, undir eins og Skógrækt ríkisins hefði sjálf nægilegt magn af trjáplöntum og nauðsynlegum fjölda hæfra og kunnandi stjórnenda og leiðbeinenda á að skipa.

Við því má búast, að Skógrækt ríkisins sjái sér ekki fært fyrst í stað að koma á skógræktardegi nema á nokkrum stöðum á landinu, enda er ákvæði 1. gr. um kvaðningu nemenda til skógræktarstarfa aðeins í heimildarformi. Meira máli skiptir, að þar, sem framkvæmd er hafin, sé það gert að undangengnum góðum viðbúnaði og við ákjósanleg skilyrði, en síðan sé framkvæmdin aukin frá ári til árs, þar til öll skólaæskan er orðin virkur þátttakandi í þeirri hugsjón að klæða landið.

Ekki er heldur til þess ætlað, að allir nemendur í fjölmönnum skóla þurfi endilega að fara til skógræktarþjónustunnar á einum og sama degi. Ef nauðsyn krefur, má alveg eins hugsa sér, að einn eða tveir bekkir taki sinn skógræktardag í þessari vikunni og aðrir bekkir skólans í þeirri næstu, eftir því sem aðstæður eru til framkvæmdarinnar.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að heina megi starfskröftum skóla-fólksins að fegrun og ræktun kringum opinberar byggingar, ef í því héraði eru ekki fyrir hendi ákjósanleg verkefni til skógræktarstarfa eða samkomulag hefur náðst við sveitarstjórn um að láta þessa fegrunarstarfsemi sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum verkefnum. Mun í engu héraði landsins skorta viðfangsefni af því tagi.

Ef vel tækist til um framkvæmd þessarar hugmyndar, að sjá öllu skólafólki landsins fyrir verkefni við skógræktarstörf einn dag á ári, öðlaðist öll þjóðin smám saman nokkra þekkingu á gróðursetningu og uppeldi trjáplanta, grisjun skóga og hirðingu trjágróðurs. Og ólíklegt er, að upp úr þeim jarðvegi spryttu ekki nýir og nýir áhugamenn, sem síðar helguðu tólmstundir sínar að meira eða minna leyti hugsjón skógræktarinnar. Það er minnsta kosti von flutningsmannanna, að svo mundi reynast, og í því vænta þeir einmitt að höfuðgildi hugmyndarinnar um skógræktardaginn sé fólgið.

Fórnin, sem æskunni er með þessu ætlað að færa, verður engan veginn talin þunghær, nema hana skorti þá hvort tveggja í senn, ást á landi sínu og trú á framtíð þess. En í því efni er engin hætta á ferðum.